

Tekið hefur verið saman kort af sprungum og eldstöðvum í og við Eyjafjallajökul til að gefa yfirlit yfir gerð eldstöðvakerfisins sem nú gýs. Kortið er sett ofan á ASTER-gervitunglamyndir frá 19. mars 2007 og 2. febrúar 2008. Jöklar, ár og vegir eru úr IS50 gagnagrunni Landmælinga Íslands. Stuðst er við margar greinar og kort sem birst hafa á undanförunum áratugum, svo sem jarðfræðikort af Miðsuðurlandi (Haukur Jóhannesson o. fl., 1990), jarðfræðikort af Eyjafjallajökli (Jón Jónsson, 1998), grein um jarðfræði svæðisins norðvestan Mýrdalsjökuls (Helgi Torfason og Höskuldur Búi Jónsson, 2005), yfirlitskort af eldstöðvakerfum Íslands (Páll Einarsson og Kristján Sæmundsson, 1987), grein um landslag undir Mýrdalsjökli (Helgi Björnsson o. fl., 2000) og ritgerð um bergfræði eystra gosbeltisins (Sveinn Jakobsson, 1979). Sprungur og gosstöðvar sem koma fram á kortum voru leitaðar uppi á loftmyndum frá Loftmyndum ehf og hnitsettar samkvæmt þeim. Gerðar voru smávægilegar lagfæringar og leiðréttingar þar sem efni stóðu til og loftmyndirnar voru ótvíræðar. Það er þó ljóst að frekari endurbóta og athugana er þörf. Vinsamlegast komið leiðréttingum á framfæri við undirrituð.

Páll Einarsson og Ásta Rut Hjartardóttir

(palli@hi.is, astahj@hi.is)

Heimildir:

Björnsson, Helgi, Finnur Pálsson, and Magnús Tumi Guðmundsson, 2000. Surface and bedrock topography of Mýrdalsjökull, South Iceland: The Katla caldera, eruption sites and routes of jökulhlaups, *Jökull*, 49, 29-46.

Einarsson, Páll, og Kristján Sæmundsson, 1987. Upptök jarðskjálfta 1982-1985 og eldstöðvakerfi á Íslandi. Kort með bókinni "Í hlutarins eðli" (afmælisrit Þorbjarnar Sigurgeirssonar), ritstj. Þorsteinn I. Sigfússon, Menningarsjóður, Reykjavík.

Jakobsson, Sveinn P., 1979. Petrology of recent basalts of the eastern volcanic zone, Iceland. *Acta Nat. Island.* 21, 1 –103.

Jóhannesson, Haukur, Sveinn P. Jakobsson og Kristján Sæmundsson, 1990. Jarðfræðikort af Íslandi, blað 6, Miðsuðurland, 3. útgáfa, Náttúrufræðistofnun og Landmælingar Íslands.

Jónsson, Jón, 1998. Eyjafjöll, drög að jarðfræði, *Publ.* 53, bls. 1–111, Rannsóknastofnunin Neðri Ás, Hveragerði, Ísland.

Torfason, Helgi, og Höskuldur Búi Jónsson, 2005. Jarðfræði við norðvestanverðan Mýrdalsjökul. . Í: Hættumat vegna eldgosa og hlaupa frá vestanverðum Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli (ritstj. Magnús Tumi Guðmundsson og Ágúst Gunnar Gylfason), Ríkislögreglustjóri og Háskólaútgáfan, Reykjavík, bls. 45-73.